

1861. hagsársins, aðeins að fá að tiltölu af þóknun, er sè reiknuð til
12. septbr. 250 rdl. á ári, eður 20 rdl. 80 sk. á mánuði, sem settur héraðslæknir í því embættinu, er fyrst var nefnt.

Því skal við bætt, að embættismaður þessi skal fá nákvæmari úrskurð um það, er hann hefir sótt um að fá þá 25 rdl., sem lagðir eru héraðslæknisembættinu í nyrðra umdæminu í staðinn fyrir ábúðarjörð læknis.

12. septbr. **61. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lán af kollektusjóðnum sökum dýrtíðar.**

Með hinu síðasta pótskípi fekk dómsmálastjórnin bænar-skrá alþingis 30. júlím. þ. á.; í henni hefir þingið í einu hljóði farið þess á leit, að veitt yrði á yfirstandandi sumri peningalán, að minnsta kosti 7000 rdl., úr hinum svonefnda íslenska kollektusjóði, til að kaupa kornvöru fyrir handa bágstöddustu sveitunum í Borgarfjarðar sýslu og Kjósar- og Gullbringu sýslum, á þann hátt, að lán þetta verði endurgoldið með 1000 ríkisdöllum á ári, og að af því verði goldnir 4 af hundraði í vöxtu, þangað til búið er að borga það aptur að fullu.

Eptir því sem lýst er í bænar-skránni, hvernig ástatt sè í sýslum þessum og eptir því, sem þær, herra stiptamtmaður, hafið tilgreint í álitsskjali því er þær, sem konungsfulltrúi á alþingi, rituðuð 10. dag f. m., hefir dómsmálastjórninni, í von um samþykki konungs, þótt hlýða, að veita yður með bréfi þessu vald til að láta borga til yðar til bráðabyrgða úr jarðabókarsjóði Íslands fè, er eigi nemi meiru en 7000 rdl., til þess að verja því í því augnamiði, sem að ofan er á vikið, og að öðru leyti með þeim kjörum, er alþingi hefir stungið upp á, en það er á þann hátt, að $\frac{1}{4}$ af láni þessu verði endurgoldinn á ári hverju, og að það að eins verði veitt hreppunum í sýslum þessum, en ekki einstökum mönnum, að svo miklu leyti, sem þeir eigi mynda sveitarfélög.

1861.

12. septbr.

Þaræð endurgjalda á ríkissjóðnum af hinum íslenzka styrktarsjóði fê það, er þér neyðist til að taka úr jarðabókarsjóðnum í þessum tilgangi, þá skorar dómsmálastjórnin á yður að senda hingað, svo skjótt sem unnt er, og í síðasta lagi fyrir lok þessa fjárhagsárs, skýrslu um, hve miklu fê hafi eytt verið, svo stjórnarráðið geti gjört þær ráðstafanir, er með þarf, til þess fêð verði endurgoldið ríkissjóðnum. Annars vonast dómsmálastjórnin eptir, að þér ekki notið leyfi það, er nú hefir verið veitt, nema brýna nauðsyn beri til þess, og skorar á yður að senda, þegar þar að kemur, nákvæma skýrslu um, hvernig ástatt sè í sýslum þessum, og um þær ráðstafanir, er þér hafið gjört í þessu máli.

62. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um kornlán til Snæfellsness sýslu. 12. septbr.

Eptir að dómsmálastjórnin er búin að fá uppástungur yðar, herra amtmaður, í bréfi 27. júlím. þ. á., um þann borgunarfrest og aðra þá skilmála, sem setja ætti um lán á þeim 400 tunnnum af rúgi, sem keyptar voru í fyrra haust að tilhlutun stjórnarráðsins, en ekki komust til Íslands fyrri en í vor eð var, og ætlaðar voru til að varna hallæri, er menn báru kvíðboga fyrir, að bera mundi að höndum í Snæfellsness sýslu, skal yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess þér gjörið þær ráðstafanir, er þurfa í því efni, að korn þetta, sem keypt hefir verið fyrir fê hins íslenzka styrktarsjóðs, má lána þeim sveitum, sem bágstaddastar eru, fyrir venjulegt kaupstaðarverð, en lánið skal endurgoldið á 7 árum í röð, og goldnir af því 4 af hundraði í rentu á ári, og borgaður aptur $\frac{1}{4}$ hluti þess á ári hverju. Því skal við bætt, að skilmálar þessir einnig skulu settir um þær 10 tunnur af korninu, sem, eptir því sem getið er um í bréfi yðar, þegar erúið að lána Neshreppi utan Ennis.